

22. nóvember 2024.

Mál nr. 5/2024

Áfrýjunardómstóll ÍSÍ.

Skautafélag Reykjavíkur

gegn

Íshökkísambandi Íslands

Með bréfi dagsettu 30. október 2024 krafðist áfrýjandi Skautafélag Reykjavíkur (SR) að úrskurði dómstóls ÍSÍ frá 29. október sl. um að vísa frá máli félagsins gegn stefnda Íshökkísambandi Íslands (ÍHÍ) yrði felldur úr gildi. Mál þetta var dómtekið 15. nóvember 2024 eftir að aðilar höfðu gert grein fyrir sjónarmiðum sínum.

Með úrskurði aganefndar ÍHÍ frá 6. október 2024 voru tveir leikmenn áfrýjanda dæmdir í allsherjarbann til 1. janúar 2025 vegna atviks sem átt sér stað eftir leik Skautafélags Akureyrar og Skautafélags Reykjavíkur sem leikinn var á Akureyri þann 28. september 2024. Í úrskurðinum kemur fram að ástæða bannsins sé líkamsárás og hótanir í garð leikmanns SA, eftir að leik lauk. Byggt er á því að tilefni líkamsárásar og hótana hafi verið ætluð ummæli leikmanns SA sem hann lét falla meðan á leiknum stóð.

Áfrýjandi kærði úrskurð aganefndar til dómstóls ÍSÍ þann 28. október 2024. Með úrskurði Dómstóls ÍSÍ frá 29. október sl. var máli þessu vísað frá dómi með vísan til þess að ekki væru fyrir hendi sérstakar ástæður til þess að veita leyfi til að mál sé höfðað eftir að kærufrestur er liðinn á grundvelli gr. 24.2. í lögum ÍSÍ. Þá var jafnramt vísað til 6. gr. reglugerðar ÍHÍ um agamál þar sem fram kemur á úrskurði aganefndar verði ekki áfrýjað.

Þótt ekki sé unnt að áfrýja úrskurðum aganefnda ÍHÍ þá breytir það því ekki að dómstólar og í þessu tilviki dómstóll ÍSÍ getur ógilt ákvarðanir aganefndar, ef þeim er áfátt að formi eða efni. Almennt verður þó að játa aganefndum ákveðið svigrúm til þess að ákvarða refsingar innan þeirra heimilda sem þær hafa á grundvelli lögbundinna viðmiða. Það að mál sé kært til lögreglu og sæti eftir atvikum lögreglurannsókn kemur ekki í veg fyrir að aganefnd geti ákveðið viðurlög samkvæmt þeim lögum og reglum sem um þær gilda. Með vísan til þessa og að öðru leyti forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Úrskurðarorð

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Helgi Sigurðsson

Helga M. Öttarsdóttir

Hulda Árnadóttir